

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ((MR) kt.600479-0329 gera með sér svofelldan:**

**SAMNING**

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

**1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við MR er að til þess að viðhalda þeirri starfsemi sem er nú þegar til staðar og efla hana til muna þ.e.a.s. vinnuaðstöðu og tækjakost félagsmanna svo enn betur sé hægt að vinna að fjölbreyttum myndlistarverkefnum í Reykjavík.

**2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar**

Á samningstímanum leggur MOF MR til í beinum fjárframlögum kr.:

- 2.000.000 árið 2019
- 2.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða 1.000.000 1.-3. mars og 1.-3. júní. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 334-26-006802

Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkurborgar

30 JAN. 2019

Málsnr.: RMF 1812.0003

Skjalaflokkur: 3-1-3.

**3. gr. Framlag og markmið Myndhöggvarafélags Reykjavíkur**

Markmið MR er að búa yfir vinnuaðstöðu, verkfærum og þekkingu fyrir starfandi myndlistarmenn í Reykjavík sem sérhæfa sig í höggmyndalist. Til þess að það sé hægt þarf að viðhalda verkstæðunum, og endurnýja tæki og búnað svo að myndlistarmenn geti við góðar aðstæður skapað og unnið verk sín fyrir stórar og litlar sýningar, tekið þátt í hverskyns listaupþakomum og boðið uppá vinnustofu heimsóknir. Félagið er rótgróið en það heldur uppá 50 ára afmæli sitt árið 2022. Undirbúningur þessa áfanga er kominn á fullt skrið m.a. með röð útisýninga. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er eini staðurinn á landinu sem getur boðið myndlistarmönnum uppá sameiginlega vinnuaðstöðu með aðgengi að hinum margvíslegu vélum og verkstæðum sem félagið heldur úti. Félagið gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að blómlegri starfsemi listasafna og gallería í Reykjavík. Einnig hafa fjölmörg verk fyrir opinber rými og stofnanir verið unnin á verkstæðum Myndhöggvarafélagsins auk verka sem sýnd hafa verið á landsbyggðinni. Aðstaðan og sú mikla verkþekking sem finnst innan vébanda félagsins veitir listamönnum tækifæri til að vinna þar að verkefnum sínum og taka þátt í smáum sem stórum listahátíðum og hverskyns sýningarupþakomum sem síðast en ekki síst stuðlar að því að rækta huga ungra sem aldna listunnenda í borginni.

**4. gr. Ábyrgð**

Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. MR ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. MR er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

**5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni MR, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að MR sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir MR auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur). Tengja má

St  
OSB  
LB

ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi MR til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

#### 6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við MR. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

#### 7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur MR hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til MR hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### 8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 15. janúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Vottur;  
Spurðingjandættir 2016-2019